

Varað við Hjørleifi Guttormssyni

Austurglugginn
10. janúar 2014



Þann 22. nóv. birtist grein hér í blaðinu eftir Hjørleif Guttormsson sem nefndist „Varað við furðuhugmynd

um hálendisveg“. Greinin kemur í framhaldi af frétt í Fréttablaðinu 12. nóv. frá ráðstefnu Austurbrúar sem var í byrjun mánaðarins á Hallormsstað. Fréttamaður blaðsins var þar allan tímann og birti fréttir af erindum og umræðum m.a. um erindi undirritaðs: „Aukin umsvif á Austurlandi kalla á miklar samgöngubætur“ og erindi samkennara míns Birgis Jónssonar, jarðverkfræðings „Hringvegurinn sunnan jökla“. Það erindi fjallaði um að á sl. 110 árum urðu náttúruhamfarir á u.þ.b. 15 ára fresti, sem rofið hefðu veginn. Nú er beðið eftir Kötlugosi en við það myndu Austlendingar missa af suðurleiðinni og þar með hringstreymi ferðamanna um hringveginn í langan tíma og allir flutningar til og frá fjórðungnum yrðu erfiðir. Ég hafði búið við að HG yrði á ráðstefnunni til að taka þátt í umræðunum, en í staðinn skrifar hann nú gagnrýnis-

grein í Austurgluggann, og var alger tilviljun að ég frétti af greininni og að ég næ nú að svara. Kurteisatriði hefði verið af HG að hann hefði látið mig vita af greininni.

Ég, undirritaður, þekki HG aðeins af myndum og ber hann þar af sér góðan þokka. Einnig hefur mér virst hann frekar málefnalegur í umræðu. Mér kom því grein hans í Austurglugganum verulega á óvart vegna rangfærslna og útúrsnúninga. Í greininni hefur HG eftir mér: „Þegar þessi vegur er kominn myndi innlendum og erlendum ferðamönnum frá suðvesturhorninu til Austurlands fjölga geysilega“. Þessa setningu túlkar HG á eftirfarandi hátt: „Af ofangreindu má ætla (sic) að boðberarnir sjái fyrir sér að þessum vegi verði haldið opnum mest allt árið“. Í fyrsta lagi: Tilvitnunin er frá mér, en ekki BJ. Í öðru lagi: Ekkert er minnst á heilsársopnun, enda er ferðamennskan að langmestu leyti á samarhellingi árs.

Ofangreind rökleysa HG um að ég sé að mæla með ferðamennsku á hálendisvegum að vetri, gerir hann síðan að meginefni greinar sinnar. Þar tekst honum hinsvegar líka að koma inn ýmsum rangfærslum og gerir það að megin umfjöllunarefni að ég fjalli ekki um veðurfarið að vetri. HG segir: „Um veðurfarsforsendur er ekki

fjallað en sett fram almenn staðhæfing þess efnis að norðan Vatnajökuls sé „úrkomuminnsta svæði í Evrópu“. Þessa setningu finn ég hvergi í frásögn Fréttablaðsins né í gögnum um fyrirlestur minn. Hins vegar hef ég bent á, á öðrum vettvangi, að norðan Vatnajökuls sé úrkomuminnsta svæði á Íslandi (um 40cm ársúrcoma) og vitna þar í úrkomukort Markúsar Einarssonar í bók hans Veðráttan.

Næst tekur HG til við að sanna að þetta með litla úrkomu að baki Vatnajökli sé ekki rétt og vísar þar til úrvinnslu á veðurfarsgögnum frá Sandbúðum og sjálfvirkum veðurstöðvum á Sprengisandsleið. Gallinn er hinsvegar sá að þessar veðurstöðvar voru ekki starfræktar norðan Vatnajökuls heldur á Sprengisandsleið.

Annað megin umfjöllunarefni HG tengist korti af hálendisleiðum sem birt var með fréttaskýringunni. Krefur hann mig skýringa á því. Gallinn á þessu er hinsvegar sá að HG hefur yfirséð að kortið var ekki eftir mig heldur frá áhugafólki á Austurlandi og tekið upp af blaðamanninum líkt og kostnaðarútreikningar. Þegar valkostir í vegalínunum eru settir fram er það gert að undangengnum miklum athugunum, og er ég ekki í starfi við það, hvorki hjá Vegagerðinni eða annarsstaðar.

Núna er HG ekki lengur þingmaður Austurlands, og mun fluttur suður, enda finnur maður að hann hefur ekki mikla næmni á hagsmuni Austlendinga þegar kemur að samgöngubótum. HG segir: „Til að gylla hugmyndina er því veifað að í henni felist stytting um rökva 200 km milli Egilsstaða og Reykjavíkur“. Mér þykir líklegt að flestir heimamenn telji þetta atriði mjög mikilvægt í umræðunni um jákvæða og neikvæða þætti er snerta Vatnajökulsvæg. En HG finnst þetta frekar veigalítið þó þetta mundi þýða mikinn sparnað í akstri og útblæstri.

Einnig virðist litill áhugi hjá HG á því að ferðaþjónustan mundi styrkjast í fjórðungnum vegna gesta sem kæmu veginn. Það mundi jafnframt þýða að umferð ykist á flestum vegum fjórðungsins, en það er eina raunhæfa leiðin til að koma vegabótum þar framir á arðsemismati. Vegna skilningsleysis HG á hagsmunum Austlendinga á þessum sviðum er því vissulega full ástæða til að vara við sjónarmiðum hans, og því að hann ætlar auglýsilega að gera allt sem hann getur til að Austlendingar verði af þessum ávinningi.

Trausti Valsson,
Prófessor í skipulagsfræði við HÍ.